



Yfirlýsing varðandi samþætting sjálfbærniáhættu í starfskjarastefnu LV (5. gr. í SFDR)¹

Upplýsingar um samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökufærli fjárfestinga, sbr. ákvæði laga nr. 25/2023, sbr. reglugerð ESB nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálþjónustu.

SFDR reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði, þar með talið lífeyrissjóðir, meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir. Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreindur atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttu sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar, sbr. 22. tölulið, 2. gr. SFDR. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessar upplýsingar eru gefnar út 22. júní 2023 og verða uppfærðar þegar tilefni er til.

Um starfskjarastefnu LV m.t.t. samþættingu sjálfbærni við stýringu eignasafna LV Í starfskjarastefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) kemur fram að henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Við mótun stefnunnar er byggt á samþykktum lífeyrissjóðsins, þeim sjónarmiðum sem koma fram í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks byggja á föstum greiðslum og ekki er gert ráð fyrir breytilegum greiðslum eins og kaupaukum. Það er því mat LV að starfskjarastefnan hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku.

Í gildandi starfskjarastefnu er ekki vikið að því hvernig stefnan tekur á áhættu tengdri sjálfbærni. Það er mat stjórnar LV að framangreind ákvæði og önnur ákvæði stefnunnar styðji við hóflega áhættutöku og þá menningu að horft sé til sjálfbærniáhættu í starfsemi LV. Af samþykktum LV leiðir að breytingar á starfskjarastefnu sjóðsins eru kynntar og bornar undir atkvæði á ársfundi hans. Miðað er við að ákvæði með beinni tilvísun til sjálfbærni verði sett inn í starfskjarastefnuna og hún lögð til samþykktar á ársfundi LV vorið 2024.

Til áréttingar hefur stjórn bókað í fundargerð eftirfarandi yfirlýsingu á stjórnarfundi 22. júní 2023: „Eins og fram kemur í starfskjarastefnu er markmið stefnunnar m.a. að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Stjórn telur að í því felist m.a. áhersla á að horfa til áhættu tengdri sjálfbærni í starfsemi sjóðsins, í samræmi við gildandi reglur og stefnu sjóðsins á hverjum tíma. Stjórn miðar við að leggja fram tillögu til breytinga á starfskjarastefnu á næsta ársfundi LV 2024 þar sem framangreint verður áréttað.“

Gildandi starfskjarastefna LV er aðgengileg [hér](#).

¹ [j32019R2088.pdf \(efta.int\)](#)